

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Jóel Þór Jóhannesson og er fulltrúi Grundaskóla í ungmennaráði Akraness. Þar sem ekki var hægt að halda málþing þetta árið þá var send út rafræn könnun til unglunga og ungmenna þar sem þau gátu komið sínum hugmyndum á framfæri. Í könnunninni var spurt meðal annars um hvað þyrfti að bæta á Akranesi, Hvað væri vel gert og svo framvegis.

Á meðal svara könnunarinnar var mikið minnst á mikilvægi andlegrar heilsu barna og unglunga bæjarins. Sem formaður nemendaráðs Grundaskóla hef ég einnig fengið að heyra frá fjölda nemenda að skortur sé á flestu tengdu andlegri heilsu bæði innan skólans og í bænum öllum. Lítið sem ekkert er af fræðslum í þessum málum og lítið talað um mikilvægi þess að hafa góða andlega heilsu. Þetta er eitthvað sem ég tel að eigi að vera í umræðunni um leið og börn hefja skólagöngu alveg eins og talað er um mikilvægi þess að hreyfa sig og passa upp á líkamlega heilsu þar sem hvort tveggja spilar stóran þátt í lífi allra. Einnig þarf að opna umræðuna meira um þessi málefni til að koma í veg fyrir að fólk skammist sín fyrir það að þurfa að leita sér hjálpar þar sem það er nákvæmlega jafn eðlilegt og að fara til læknis.

Ef byrjað væri að kenna börnum hvað andleg heilsa væri og hvað sé hægt að gera til þess að halda henni góðri fyrr væri bæði hægt að grípa fyrr inní hjá þeim einstaklingum sem þurfa hjálp og opna umræðuna til að fyrirbyggja alla skömm. Nú þegar samfélagið, tæknin og samfélagsmiðlar þróast af miklum hraða eykur það stress, kvíða og fjöldan allan af tilfinningum hjá börnum og unglungum. Einnig hefur einelti aukist svakalega á samfélagsmiðlum og er það mín skoðun að þurfi að leggjast í meiri vinnu með geranda í þeim málum en ekki þolanda. 13,9% unglunga á Akranesi frá áttunda til tíunda bekk líður illa í skólanum og 23,9% nemenda í áttunda bekk langar að hætta í skólanum. Andleg heilsa unglunga hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á þessar niðurstöður og er eitthvað sem mér finnst að þurfi að gera eitthvað í strax.

Mikilvægt er að börn fái góða fræðslu strax í yngri bekkjum og að fræðsla og fyrirlestrar séu reglulegir í eldri bekkjum skólanna. Þetta myndi hjálpa til við að

nemendur skólanna þekkji bæði tilfinningar sínar og einkenni þeirra andlegu kvilla sem börn og ungmenni eru mikið að fást við, hvort sem þetta á við þau sjálf eða aðra í kringum þau svo auðveldara sé að aðstoða viðkomandi, því eins og allir vita geta andlegir kvillar barna haft skelfilegar afleiðingar í för með sér.

Síðustu ár hafa verið gerðar kannanir á landsvísu um drykkju og vímuefna neyslu unglunga og hefur Akranes ekki komið neitt sérstaklega vel út í þeim könnunum. En á Akranesi hafa um 11,4% tíundu bekkinga, 9% níundu bekkinga og 2,2% áttundu bekkinga orðið ölvað um ævina og 4,5% tíundu bekkinga, 7,8% níundu bekkinga og 7,7% áttundu bekkinga nota rafrettur á hverjum degi. Oft eru það þeir einstaklingar sem nota vímuefni sem eru verst staddir andlega og er því mjög líklegt að ungmenni leitist í vímuefni vegna þess að þeim líður illa og finna enga aðra leið út. Ef hjálp væri aðgengilegri gæti það dregið úr neyslu vímuefna og haft uppbyggileg áhrif á börn og ungmenni bæjarins.

Bæjarbúar á akranesi mega þó vera mjög þakklátir því góða starfi sem unnið er í íþróttá- og frístundarstarfi bæjarins því það starf er án efa gríðalega mikilvægur þáttur í forvarnastarfi vímuefna og varðandi andlega heilsu.

Mér finnst mjög mikilvægt að fjölskyldur sem eiga minna geti fengið fjárhagslega hjálp vegna þess að allir eiga að rétt á sálfræðilegri aðstoð ef þörf er á en margir geta ekki nýtt sér þá þjónustu vegna þess hvað hún er dýr.

Það sem ég myndi vilja láta gera til að bæta andlega heilsu barna og ungmenna á Akranesi er að auka fjármagn í sálfræðiþjónustu og ráðgjöf í skólum bæjarins þannig að betra aðgengi sé fyrir börn að þeirri aðstoð sem þau þurfa og auðveldara sé fyrir þau að ræða við faglært fólk þegar þeim líður illa án þess að þau þurfi að pantast tíma með margra mánaða fyrirvara. Einnig finnst mér að 1 sálfræðingur fyrir hvorn 500 og 700 manna skóla sé alls ekki nóg. Frekar en einn sálfræðingur í hverjum skóla finnst mér að það eigi að vera sálfræðingur í hverju skólastigi svo hjálp sé aðgengilegri og einnig gætu þeir verið nýttir í kennslu. Einnig finnst mér að hægt sé að auka fjármagn í íþróttá og frístundastarf.

Að lokum vil ég þakka fyrir mig og þetta flotta tækifæri fyrir unga fólk bæjarins til að koma sínum hugmyndum á framfæri og láta í sér heyra.